

## Bæjarráð FW: 100 ára fullveldisafmæli

**Til** : Hjördís Práinsdóttir  
**Frá** : Þórdís Sif Sigurðardóttir  
**Heiti** : Bæjarráð FW: 100 ára fullveldisafmæli  
**Málsnúmer** : 2017050085  
**Málsaðili** : Samband íslenskra sveitarfélaga  
**Skráð dags** : 22.05.2017 11:17:23  
**Höfundur** : Þórdís Sif Sigurðardóttir

**Viðhengi** [image001.jpg](#)[image001.jpg](#)  
[Frétt á ruv.docx](#)[Frétt á ruv.docx](#)  
[image003.jpg](#)[image003.jpg](#)

---

**From:** Margrét Halldórsdóttir  
**Sent:** 19. maí 2017 10:50  
**To:** Gísli Halldór Halldórsson ; Þórdís Sif Sigurðardóttir  
**Subject:** FW: 100 ára fullveldisafmæli

Ætlum við eitthvað að spá í þetta?

### Margrét Halldórsdóttir

#### Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: [margreth@isafjordur.is](mailto:margreth@isafjordur.is) - Vefur: [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

**Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri – auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.**



The Westfjords - one of Iceland's most spectacular regions - *Lonely Planet*

---

**From:** Svandís Ingimundardóttir [<mailto:svandis.ingimundardottir@samband.is>]  
**Sent:** fimmtudagur, 18. maí 2017 10:48  
**Subject:** 100 ára fullveldisafmæli

*Sent skólaskrifstofum og formönnum skólanefnda til upplýsingar og hagræðis vegna skipulags skólastarfs 2018*

## Fullveldisafmæli verði hátíð þjóðarinnar (frétt af vef RUV)

10.04.2017 - 12:03

[Innlent](#)



Mynd: Wikispaces.com

Gert er ráð fyrir hátíðarhöldum allt næsta ár víðs vegar um landið til að fagna aldarafmæli fullveldis Íslands. Einar K. Guðfinnsson, formaður nefndar um aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands, segir að grunnstefið í hátíðarhöldunum sé að þetta verði hátíð þjóðarinnar og reynt verði að virkja sem flesta til þátttöku. Bæði er gert ráð fyrir veglegri hátíð 18. júlí á næsta ári á Þingvöllum og 1. desember en sú hátíð verður væntanlega ekki undir berum himni.

Greint var frá því fyrir helgi að Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, menningarfulltrúi Eyþings, hefði verið ráðin sem framkvæmdastjóri vegna undirbúnings hátíðarhaldanna.

Einar segir að fljótlega verði fundað með formönnum þingflokka og forseta Alþingis um með hvaða hætti verður staðið að hátíðarhöldunum. Alþingi samþykkti í október [þingsályktunartillögu](#) allra flokka um að minnast þess á næsta ári að öld er liðin frá því er íslenskt ríki, sjálfstætt, frjálst og fullvalda, var á ný stofnað með sambandslögunum 1918. Í júlí á næsta ári verður liðin 100 ár frá því samningum um fullveldið var lokið. Sambandslögin öðluðust svo gildi 1. desember 1918 og þar með varð Ísland fullvalda.

Auk hátíðarhald í júlí og desember var samþykkt að ríkisstjórnin efndi til samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar og skipulags á Stjórnarráðsreit, tekið væri saman rit um aðdraganda sambandslaganna, efni þeirra og framkvæmd þeirra, svo og rit um inntak fullveldisréttar.

Einar segir að grunnstefið í hátíðarhöldunum sé að þetta verði hátíð þjóðarinnar og reynt verði að virkja sem flesta til þátttöku. Stefnt sé að margs konar viðburðum og hátíðarhöldum sem standi árið um kring 2018 og verði um allt land. Gert er ráð fyrir 200 milljónum króna til aldarafmælisins. Einar segir að horft verði til aldarafmælis kosningarréttar kvenna sem fyrirmýndar í hátíðarhöldunum. **Leitað sé eftir þátttöku skóla, sveitarfélaga og félagasamtaka. Áhugasamir geti sótt um styrk.**